



Reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

I. kafli

Almennt um stuðning við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. 1., 2. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðnings þarfir nr. 38/2018. Í 3. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðnings þarfir nr. 38/2018 kemur fram að reynist þörf fatlaðs fólks fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögunum. Þjónustan sem lögin kveða á um kemur til viðbótar við þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal nýta almenna þjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, áður en stuðningur skv. reglum þessum kemur til. Öll þjónusta til fatlaðs fólks skal vera samfelld og samþætt í þágu einstakra notenda.

Í reglum þessum eru hugtökin stuðningur og stoðþjónusta notuð samhliða yfir stoðþjónustu samkvæmt 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

2. gr.

Markmið

Markmið stoðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að veita fötluðu fólki stuðning til að koma til móts við sértækar þarfir þess og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum, sbr. 19. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðið er að styðja notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfstæðir og félagslega virkir. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem fatlað fólk setur sér til að ráða við daglegt líf og með það að leiðarljósi að valdefla fólk til þátttöku í samfélaginu.

3. gr.

Stuðningur

Stoðþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu og langvarandi stuðningsþarfa þar sem stuðningsþörfum verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu. Um er að ræða margháttaðan stuðning sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Með stuðningi í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustubætti:

- Sérhæfð ráðgjöf* felst í að veita fötluðu fólki og aðstandendum þeirra félagslega ráðgjöf og stuðning, t.d. varðandi ýmis réttindamál, velferðartækni og til sjálfstæðrar búsetu. Jafnframt felst ráðgjöfin í samræmingu ýmissa þátta, s.s. skóla, heimilis, tómstunda og vinnu, með því markmiði að stuðningur nýtist sem best. Sérhæfð ráðgjöf hefur það að markmiði að aðstoða fatlað fólk til sjálfshjálpar en getur einnig falist í ráðgjöf til starfsmanna stoðþjónustu.





- b) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, sem tekur mið af þörfum notanda, s.s. við að klæðast eða afklæðast, sinna persónulegu hreinlæti, borða og taka lyf. Auk þess er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki, nýta velferðartækni o.fl.
- c) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili einstaklings svo hann geti búið heima. Auk þess er um að ræða stuðning við að nýta velferðartækni sem auðveldar heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- d) *Félagslegur stuðningur* miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja til þátttöku í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl.
- e) Stuðningur við fatlaða foreldra vegna umönnunar barna sinna.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram með skriflegu samþykki notanda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir. Skal það háð samráði við viðkomandi einstakling.

II. kafli

Skilyrði fyrir stoðþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Sveitarfélagsins Hornafjarðar um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.
- b) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði. Umsækjandi sem er með lögheimili utan Sveitarfélagsins Hornafjarðar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi sé með skráð lögheimili í sveitarfélaginu á meðan þjónustan er veitt.
- c) Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi laga, nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 2. tl. 2. gr þeirra laga.
- d) Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili, þjónustukjarna eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi samkvæmt reglum þessum.
- e) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðning samkvæmt grunnmati stuðningsþjónustu og með stöðluðu mati á umfangi stuðningsþarfa fyrir fullorðið fatlað fólk. Notað er matskerfið Supports Intensity Scale Adult version (SIS-A).
- f) Umsækjandi skal hafa fullnýtt þjónustu skv. Reglum Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stuðningsþjónustu.

Umsækjanda skal tilkynnt um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt og hvernig umsókn hans hafi verið metin skv. reglum þessum.

Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á þjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.



III. kafli

Umsóknir og mat

5. gr. *Umsókn*

Sækja skal um stoðþjónustu með rafrænum hætti á íbúagátt á vef sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is.

Þegar beiðni berst skal starfsfólk stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs hafa samband við viðkomandi og meta þörf fyrir stuðning.

Sé mál til vinnslu á velferðarsviði sveitarfélagsins geta starfsmenn þar haft milligöngu varðandi stuðning samkvæmt reglum þessum.

Óski einstaklingur eftir ráðgjöf og stuðningi má panta viðtal við ráðgjafa velferðarsviðs Í síma 470-8000.

Einnig geta beiðnir um stuðning borist rafrænt frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu. Þegar beiðni berst skal starfsfólk velferðarsviðs hafa samband við viðkomandi og meta þörf á stuðningi.

6. gr. *Fylgigögn með umsókn*

Með undirritun á umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild sveitarfélags til að kalla eftir nauðsynlegum gögnum frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu svo hægt sé að afgreiða umsóknina.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á, auk sjálfsmats umsækjanda:

- Örorkumat eða umönnunarmat.
- SIS-mat.
- Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

7. gr. *Mat á stuðningsþörf*

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru metnar og þeim forgangsraðað skv. fylgiskjali 1, af fagteymi Þjónustunnar heim að teknu tilliti til niðurstöðu samræmds skimunartækis á landsvísi (WHODAS), liggi þær fyrir, og mögulega út frá niðurstöðum RAI-mats ef talið er þörf á frekari greiningu á stöðu umsækjanda.

Haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan fimm virkra daga frá því að umsókn berst.

Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun hans.

Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og er það framkvæmt á heimili umsækjanda. Við matið er tekið tillit til markmiða og þarfa umsækjanda fyrir stuðning, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika, félags- og fjölskylduaðstæðna og færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda til að leita sem bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið



heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi Þjónustunnar heim og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er.

Við mat á stuðningsþörf og forgangsörðun umsókna skal líta til flokkunar á fylgiskjali 1 með reglum þessum ásamt eftirfarandi atriða:

- a) Þarfa umsækjanda fyrir stuðning.
- b) Færni/getu og styrkleika.
- c) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- d) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- e) Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- f) Annars veitts stuðnings.

Þjónusta sem veitt er notanda skal vera heildstæð, samfelld og samþætt.

Stuðningur skal ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með öðrum fagaðilum sem veita viðkomandi þjónustu í samræmi við þarfir umsækjanda.

Sé niðurstaða mats á stuðningsþörf sú að aðstæður umsækjanda séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum ber að synja umsókninni.

8. gr.

Forgangsörðun umsókna

Fullnægi umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 7. gr. og niðurstöðum úr SIS-A mati. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsörð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali 1 með reglum þessum. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur.

Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess, forgangsörðun umsóknar hans og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist, með hliðsjón af forgangsörðun.

9. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir stuðningsáætlun/ einstaklingsbundin þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega.

Að lágmarki skal koma fram:

- Markmið með stuðningi og hvernig þeim skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- Gildistími samþykktar.
- Notkun lykla m.t.t. 16. gr. reglna þessara.

Stuðningsáætlun/einstaklingsbundin þjónustuáætlun skal unnin í samvinnu við notanda. Náist ekki samkomulag um umfang og fyrirkomulag stuðnings skal málinu vísað aftur til fagfundar Þjónustunnar heim sem leggur faglegt mat á viðkomandi stuðningsáætlun með hliðsjón af



mati á stuðningsþörf umsækjanda. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

Fagteymi Þjónustunnar heim er skipað þverfaglegum hópi sérfræðinga/fulltrúa stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs og heimahjúkrunar.

IV. kafli *Framkvæmd*

10. gr. *Gjaldtaka*

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilishald, sbr. d-lið 3. gr., og heimsendan mat samkvæmt gildandi gjaldskrá Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stoð- og stuðningsþjónustu.

Heimilt er að sækja um afslátt á gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við heimilishald ef umsækjandi er undir tekjuviðmiðum sem ákveðin eru í gjaldskrá ár hvert og skal í slíkum tilfellum skila inn staðfestu skattframtali umsækjanda.

11. gr. *Tími og umfang stuðnings*

Að jafnaði er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur alla daga frá kl. 08:30 – 23:00. Komi fram beiðni frá þjónustuþega af sérstökum ástæðumer hægt er að óska eftir stuðningi utan þess tíma. Er reynt að verða við slíkum beiðnum ef hægt er, enda mæla gild rök með því. Næturþjónusta er veitt í neyðartilfellum í gegnum bakvakt stuðnings og virkniþjónustu eða í samráði við heimahjúkrun í gegnum Þjónustuna heim.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stoðþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum.

12. gr. *Endurmat*

Þegar færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmeta stuðningsþörf. Almennt skal endurmeta þörf fyrir stuðning eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Þar sem fyrirsjáanlegt er að þörf fyrir stuðning verði langvarandi, skal fara fram endurmat á 24 mánaða fresti. Þegar um þjálfun eða endurhæfingu er að ræða fer fram símat á árangri endurhæfingar.

13. gr. *Breyttar aðstæður*

Notanda, aðstandendum hans, persónulegum talsmanni, eða lögráðamanni, ber eftir atvikum að, upplýsa starfsmann velferðarsviðs sveitarfélagsins um breytingar á högum sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlun.



V. kafli. *Ýmis ákvæði*

14 gr. *Kostnaður*

Notanda ber að greiða fyrir sig allan þann útlagða kostnað sem hlýst af því að stuðningur sé veittur utan heimilis.

Velferðarsvið endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað vegna þjónustunnar. Útlagður kostnaður starfsmanns skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru í stuðningsáætlun. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. viðmið velferðarsviðs.

Velferðarsvið greiðir starfsmanni bifreiðastyrk skv. akstursdagbók sé heimild fyrir akstri á einkabifreið samkvæmt stuðningsáætlun. Í þeim tilfellum skal miða við hámarksfjölda kílómetra á mánaðargrunni, sbr. viðmið velferðarsviðs. Horft skal til fjölda samþykktra tíma við ákvörðun kílómetrafjölda. Greitt er fyrir akstur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins um kílómetragjald hverju sinni.

15. gr. *Ferðir*

Meginreglan er sú að nota almenningssamgöngur eða akstursþjónustu sveitarfélagsins þegar stuðningur er veittur utan heimilis.

16. gr. *Lykjanotkun*

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili notanda skal lykill geymdur á starfsstöð stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs að Miðgarði, Víkurbraut 24. Kveðið skal á um það í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins. Sama gildir um raflása.

17. gr. *Fjármunir notenda*

Starfsmönnum er óheimilt að fara með fjármuni notenda. Starfsmanni er hins vegar heimilt að styðja notanda til þess að panta nauðsynjavörur frá netverslunum án þess að fara með fjármuni hans.

18. gr. *Vinnuaðstæður*

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Skapist þær aðstæður inni á heimili notanda að aðbúnaði og/eða öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna áreitni, ógnandi hegðunar, óreglu eða dýrahalds, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir og getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar. Heimilt er að fella niður þjónustu þar til viðeigandi lausn finnst. Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og skal notandi ekki reykja á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Sama á við um notkun á rafrettum.



VI. kafli

Málsmeðferð, sbr. ákvæði stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

19. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

20. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eða innan tveggja vikna eftir að umsókn berst. Sama á við ef stofnun berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Sveitarfélagið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

21. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann eða lögráðamann hans eftir því sem við á.

22. gr.

Endurskoðun

Rétt til stoðþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stoðþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

23. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðning samkvæmt reglum þessum er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

24. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur sveitarfélagsins.



Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni. Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins.

25. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

26.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar

27. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er eða innan þriggja vikna. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun ef ákvörðuninni fylgdi ekki rökstuðningur.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um leið rétt hans til áfrýjunar til velferðarnefndar og eftir atvikum Úrskurðarnefndar velferðarmála að fengnum rökstuðningi.

28. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi að fengnum rökstuðningi áfrýjað til velferðarnefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarnefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarnefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarnefndar.

29. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðarnefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sé um synjun að ræða. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun velferðarnefndar.



30. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem voru samþykktar í velferðarnefnd 12. 05 2025 og staðfestar í bæjarstjórn 12. 6. 2025. Jafnframt falla úr gildi reglur Sveitarfélagsins Hornafjarðar um félagslega heimaþjónustu frá 20. ágúst 2020.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.



Fylgiskjal 1

Forgangsöröðun samkvæmt reglum Sveitarfélagsins Hornafjarðar um stuðningsþjónustu

Við mat á forgangi er byggt á eftirfarandi matsviðmiðum og litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og heilsufar
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanet
- Samfélagsþátttöku og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hefur fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi nýtur

Skilgreiningar á þjónustubáttum:

Stuðningur við athafnir daglegs lífs, sem tekur mið af þörfum notanda. Auk þess er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki, nýta velferðartækni o.fl.

Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.

Félagslegur stuðningur sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku. Félagslegur stuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima en markmiðið er að létta álagi af heimilinu.

Flokkur 1

Þjónusta hefst strax, hefur forgang og má ekki falla niður. Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust, ýmist vegna langvarandi stuðningsþarfa eða þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp.

Forsendur:

- Þau sem þurfa daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.
- Þau sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.
- Þau sem hafa fengið samþykkt færni- og heilsumat.

Flokkur 2

Mikilvæg þjónusta, ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst. Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér eða grípa þarf inn í aðstæður sem fyrst í forvarnarskyni. Viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum.

Forsendur:

- Þau sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda.
- Þau sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við athafnir daglegs lífs eða heimilishald.
- Þau sem eru félagslega einangruð.



Flokkur 3

Reglubundin þjónusta. Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður oftari en í tvö skipti samfellt. Einstaklingur þarf stuðning við heimilishald og/eða er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis vegna félagslegrar einangrunar eða í forvarnarskyni. Markmiðið er að styðja notanda til sjálfhjálpar og félagslegrar þátttöku. Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum.

Forsendur:

- Þau sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.
- Þau sem þurfa aðeins aðstoð við heimilishald.

Flokkur 4

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður til lengri tíma en getur fallið niður t.d. yfir sumarmánuði. Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

Forsendur:

- Þau sem eru sjálfbjarga og félagslega vel sett en þurfa leiðbeiningar, hjálfun eða stuðning.
- Þau sem eingöngu þurfa aðstoð við heimilisþrif eða óverulegan félagslegan stuðning.